

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1028

Dagsetning: 21. maí 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjann Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Margrét Héðinsdóttir, fagstjóri hjúkrunar á Upplýsingamiðstöð HH, sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerðir síðustu funda

Afgreiðslu fundargerða framkvæmdastjórnar HH frá 23. apríl 2024, 30. apríl 2024, 7. maí 2024 og 14. maí 2024 var frestað.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni og í sumar.

3. Ársfundur HH

Umræður um ársfund og ársskýrslu HH.

4. Upplýsingamiðstöð HH

Margrét Héðinsdóttir, fagstjóri hjúkrunar á Upplýsingamiðstöð HH, kom á fundinn til að ræða þjónustu og fjármögnun miðstöðvarinnar.

5. Starfsmannamál

Umræða um ýmis starfsmannamál. Upplýst var um að viðauki við stofnanasamning við hjúkrunarfræðinga sé tilbúinn til kynningar.

6. Heilsugæsluþjónusta fyrir hælisleitendur

Rætt var um álag á ákveðnum heilsugæslustöðvum vegna hælisleitenda og leiðir til úrbóta. Halda þarf áfram með málið með samráði við Vinnumálastofnun og í kjölfarið Heilbrigðissskoðun innflytjenda.

Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf fjármögnun og þjónustu Upplýsingamiðstöðvar við heilbrigðisráðuneytið, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM og HP
- Undirrita þarf viðauka við stofnanasamning hjúkrunarfræðinga, kynna og koma á launadeild, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram breytingar á verklagi vegna heilsugæsluþjónustu við hælisleitendur, sjá lið 6.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00